

Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um fjárveitingar til háskóla.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hve miklar hafa fjárveitingar úr ríkissjóði verið til háskóla þau fjögur fjárlagaár síðan lög um háskóla, nr. 136/1997, tóku gildi? Óskað er eftir að fram komi:

1. heildarfjöldi nemenda við hvern skóla og heildarfjárveiting til skólans úr ríkissjóði hvert þessara ára,
2. hve fjárveitingar til kennslu hafa verið miklar á hvern nemanda í hverjum skóla, hvert ár fyrir sig,
3. hve miklar fjárveitingar úr ríkissjóði hafa verið til húsnæðismála hvers skóla, hvert ár á þessu tímabili,
4. hve mikið fé hefur farið úr ríkissjóði til rannsókna við hvern skóla, hvert þessara ára, miðað við fjölda kennara við hvern skóla fyrir sig.

Skriflegt svar óskast.